

Reynslutími eða starfsþjálfun er líka vinna!

Að gefnu tilefni viljum við vekja athygli á að þeir sem fengnir eru í starfsþjálfun eða til prufu í vinnu eiga að fá borgað fyrir þann tíma sem unnið er.

Of margir hafa leitað til okkar og tilkynnt að þeir hafi ekki fengið greitt fyrir vinnu þar sem þeir væru til prufu, sérstaklega í veitingageiranum.

Við bendum félagsmönnum, sem lent hafa í þessu, að hafa samband við félagið og við munum ganga í málið.



Er launaseðillinn flókinn?

- Hafðu samband ef þú skilur hann ekki.
- Geymdu launaseðlana, með þeim getur þú sannað réttindi þín.

Lágmarkshvöld

á að vera samfelld, þ.e. 11 klst. á hverju 24 klst. tímabili.

Skráðu niður tímana þína!

Mjög mikilvægt er að skrá niður alla tíma sem þú vinnur. Vert er að benda á **vefappið Launi** sem hannað var af nokkrum nemendum í VMA. Það er góð leið til að halda utan um vinnutíma.

Kíktu á www.launi.is og náðu þér í appið í símann.

ATHUGIÐ!

Öll mál sem koma til félagsins eru trúnaðarmál.



Skannaðu kóðann og kíktu á www.ein.is

Ásprent - 2015

Ert þú að vinna á veitingastað, hóteli, gistiheimili eða í afþreyingarferðapjónustu?

Ýmsar upplýsingar fyrir starfsfólk í ferðapjónustu



2. útgáfa · Júlí 2015

Við stöndum vörð um réttindi þín!

Vaktavinna

Hámarks lengd vaktar er 12 klst. Lágmark 3 klst.

Vakt skal unnin í samfelldri heild.

Ef ráðið er í vaktavinnu þarf það að koma fram á ráðningarsamningi.

Vaktaplan skal skipulagt 4 vikur í senn, vaktaskrá skal kynnt með a.m.k. viku fyrirvara.

Í vaktavinnu greiðist álag á þann hluta 40 stunda vinnu sem fellur utan dagvinnutímabils:

- 33% álag greiðist frá kl. 17:00 til miðnætis mánudaga til föstudaga
- 45% álag greiðist allar nætur frá miðnætti til kl. 8:00 og einnig á laugardögum og sunnudögum

Hvenær lýkur þinni vakt?

- Vakt skal skrá með upphaf og endi í vaktaplani. Ef slíkt er ekki skráð og málið kemur til félagsins verður viðkomandi fyrirtæki rukkað um dagvinnu og yfirvinnu fyrir hönd okkar félagsmanns.

Nánari upplýsingar um allt sem tengist þínum réttindum og skyldum fást á skrifstofum félagsins, í síma 460 3600 og á heimasíðu félagsins, www.ein.is

Láttu ekki plata þig!

Hafðu samband ef þú telur að hlutirnir séu ekki í lagi!

VIÐ ERUM HÉR FYRIR ÞIG!



Skipagötu 14 Akureyri



Hafnarbraut 5 Dalvík



Eyrargötu 24b Fjallabyggð

Sími 460 3600

• www.ein.is

• ein@ein.is

Nokkur atriði úr kjarasamningi:

- Þeir sem verða 16 og 17 ára á árinu eiga strax að fá greitt miðað við 16 og 17 ára taxa.
- Þeir sem eru 18 og 19 ára eiga að fá 95% af byrjunarlaunum 20 ára. Sjá nánari útfærslu í kjarasamningi.
- 22 ára lífaldur jafngildir starfsaldri eftir 1 ár.
- Hámarks dagvinnutími á mánuði er 173,3 klst., eftir það greiðist yfirvinna sem er 80% hærri en dagvinna.
- Neysluhlé skulu vera sem svarar 5 mín. fyrir hverja unna klst. og skiptast eftir samkomulagi starfsmanns og stjórnanda.
- Óheimilt er að hafa orlof innifalið í launataxta.
- Að lágmarki skal borga 4 klst. fyrir útkall.



Jafnaðarkaup

„Jafnaðarkaup“ er ekki til í kjarasamningum. Dæmi eru um að atvinnurekandi hafi samið við starfsmenn um greiðslu jafnaðarkaups. Ef þér er sagt að það sé venja hjá fyrirtækinu að greiða jafnaðarkaup þá skaltu fá forsendur útreikninga og láta kanna þá.

Reynslan sýnir að forsendur útreikninga eru oft rangar. Það er vel þekkt að ungu fólki er boðið jafnaðarkaup og svo fer vinnan bara fram á kvöldin og um helgar. Þá ert þú að tapa.

Ert þú með ráðningarsamning?

Allir nýir starfsmenn eiga að gera skriflegan ráðningarsamning þar sem m.a. þarf að koma fram ráðningartími, starf, uppsagnarfrestur, laun, lengd vinnudags, í hvaða lífeyrissjóð er greitt og hvaða kjarasamning er stuðst við.